

# Fréttapistill frá forseta Íslands

27. janúar 2020

Þessa daga fylgjumst við Íslendingar grannt með jarðhræringum á Reykjanesskaga, vonum að allt verði með kyrrum kjörum þegar til lengdar lætur en höfum auðvitað varann á. Gott er að vita til þess að vísindamenn, viðbragðslið og viðeigandi stjórnvöld vinna saman, kynna stöðu mála fyrir íbúum og eru með augun á mælum og öllum mögulegum vísbendingum um kvikusöfnun og hvaðeina í iðrum jarðar. Best er að vera við öllu búinn.

Af önnum mínum í síðustu viku er þess helst að geta að henni var að mestu varið í útlöndum. Sunnudaginn 19. janúar varði ég við Eyrarsund og sá sigurleik strákanna okkar gegn Portúgal á Evrópumótinu í handknattleik. Gaman hefði verið að hvetja þá áfram til dáða – í blíðu og stríðu – en skyldan bauð annað. Og það kemur mót eftir þetta mót, auk annarra íþróttaviðburða þar sem okkar lið og okkar fólk stefnir ætíð að því að gera sitt besta. Enginn skyldi efast um það og maður biður ekki um meira. Ég þakka strákunum fyrir góða skemmtun og óska þeim og öðrum íþróttaköppum okkar góðs gengis í framtíðinni.

Snemma í nýliðinni viku lá leiðin til Ísraels. Flestir þjóðarleiðtogar eða fulltrúar ríkja í Evrópu komu þar saman og minntust þess að um þessar mundir eru 75 ár liðin frá því að herir Sovétmanna hröktu nasista frá útrýmingarþúðunum í Auschwitz-Birkenau og frelsuðu aðfrankomna fanga þar. Reuven Rivlin Ísraelsforseti bauð til viðburðarins í samvinnu við helfararstofnunina þar í landi, „World Holocaust Forum“.

Miðvikudaginn 22. janúar sat ég hátíðarkvöldverð Rivlins en daginn eftir var minningarathöfnin sjálf, í Yad Vashem safninu í Jerúsalem. Meðal ræðumanna var fólk sem lifði af Helförina og nokkrir þjóðarleiðtogar. Þeim mæltist vel. Þannig fluttu Karl Bretaprins og Frank-Walter Steinmeier Þýskalandsforseti áhrifamikil ávörp. Einu orðin sem sá síðarnefndi mælti á þýsku voru „Nie wieder“ – aldrei aftur – og varaði hann mjög við auknu veldi nýnasista í álfunni, fordómum og hatri. Að neðan læt ég fylgja mynd af því þegar mér hlotnaðist sá heiður við athöfnina að leggja blómsveig til minnis um þá gyðinga sem létu lífið í Helförinni, auk hópmyndar af fulltrúum flestra þeirra ríkja sem sóttu minningarathöfnina.

Við hæfi er að minnst fórnarlamba hennar þegar þetta er ritað, hinn 27. janúar. Sá dagur er um allan heim minningardagur Helfararinnar, á ensku „Holocaust Memorial Day“. Þær hörmungar mega aldrei gleymast og ekki síður skipuleg útrýmingarherferð nasista og illþýðum þeirra á hendur öðrum sem þeir hötuðust við. Í þeim hópi voru m.a. Rómafólk, samkynhneigðir, fatlaðir og þroskaskertir.

Á milli opinberra viðburða ytra náði ég að skoða gamla borgarhlutann í Jerúsalem og bókröllurnar frægu með biblíutextum, sem fundust við Dauðahafið um miðja síðustu öld og eru nú margar geymdar í Ísraelssafninu í borginni. Einnig var horft til framtíðar á sérstöku málþingi um nýsköpun við hebreska háskólann, Hebrew University. Í þeim efnum má nefna fyrirtækið OrCam sem hefur búið til gleraugu sem hjálpa blindum og sjóndöprum að nálgast upplýsingar um umhverfi sitt og verða að

liði á marga aðra lund. Fulltrúar fyrirtækisins hafa verið í samband við Blindrafélagið og fleiri hér á landi og vonandi verða afurðir þess til þess að létta fólki lífið hér eins og víða annars staðar.

Frekari upplýsingar og fleiri myndir úr Ísraelsferðinni má sjá á heimasíðu forsetaembættisins. Þá vek ég athygli á yfirlýsingu minni í tilefni viðburðarins, sem gefin var út á bók með orðum annarra þjóðarleiðtoga. Yfirlýsinguna má lesa hér: [https://www.forseti.is/.../world\\_holocaust\\_forum...](https://www.forseti.is/.../world_holocaust_forum...) Í henni getur m.a. að líta þessi orð: „Let us therefore remember. Let us defend the sanctity of human life and human rights, the rights of dignity and diversity, the freedom of thought and expression, religion and political beliefs. Let us defend these universal values now and forever, near and afar.”

Á meðan ég var ytra tók Eliza að sér að sækja merka viðburði hér heima þar sem ég hefði ella mætt og gerði það auðvitað með glæsibrag. Hún flutti ávarp við upphaf Árs nýsköpunar sem Samtök iðnaðarins standa að og sama gerði hún á hátíðarsamkomu Geðverndarfélags Íslands sem fagnar nú 70 ára afmæli.

Verkefnum liðinnar viku lauk svo hér á landi, með ávarpi á Reykjavíkurlaikunum og afhendingu verðlauna í glæsilegri danskeppni þeirra. Í gær hófst ný vika með nýjum viðfangsefnum en frá þeim segir síðar. Ég óska ykkur öllum gæfu og gengis.